

Fundargerð 18. fundar ferðamálaráðs – föstudagur, 13. september 2013 kl. 11:30-13:00.

Fundurinn var haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Ásbjörn Jónsson, Dofri Hermannsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason og Unnur Halldórsdóttir. Einnig mættu á fundinn Helga Haraldsdóttir, Margrét Sæmundsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir og Valgerður Rún Benediktsdóttir. Aldís Hafsteinsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Fjármögnun á verndun og uppbyggingu ferðamannastaða.

Ferðamálaráð ræddi framkomnar tillögur um fjármögnun á verndun og uppbyggingu ferðamannastaða. Samþykkt samhljóða að senda ráðherra þessa bókun:

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra - ráðherra ferðamála

Reykjavík, 13. september 2013

Ferðamálaráð hefur kynnt sér þær tillögur sem fram hafa komið um framtíð og fyrirkomulag ýmissa lykilþátta sem snerta íslenska ferðaþjónustu. Meðal þess sem er hvað brýnast að taka afstöðu til eru tillögur um hvernig standa meggi að fjármögnun á verndun og uppbyggingu ferðamannastaða um land allt. Um er að ræða umfjöllun og tillögur í skýrslum breska ráðgjafafyrirtækisins *PKF*, sem unnin var fyrir Íslandsstofu og Græna hagkerfið, skýrslu *ALTA* fyrir Ferðamálastofu og loks skýrslu *Boston Consulting Group*, sem unnin var fyrir tilstilli Icelandair Group, Isavia, Bláa lónsins og Bílaleigu Akureyrar. Ráðið fékk sérstakar kynningar á tveimur þeim síðarnefndu og hefur því haft tækifæri til að ræða einstaka þætti við höfunda úttektanna.

1. Allar ofangreindar skýrslur benda á þá staðreynd að ríkissjóður nýtur þegar mjög verulegra skatttekna af ferðaþjónustu og að raunhæfar áætlanir um vöxt bendi ekki til annars en að þær beinu tekjur haldi áfram að aukast umtalsvert á næstu árum. Ferðamálaráð telur því eðlilegt að ríkissjóður komi áfram, óháð sérstakri gjaldtöku, að fjármögnun á uppbyggingu og verndun ferðamannastaða. Slík uppbygging og verndun gegnir lykilhlutverki í að stuðla að ábyrgari ferðamennsku og umgengni við landið, betri dreifingu ferðamanna um landssvæði og árstíma og vexti þessarar mikilvægu atvinnugreinar í jafnvægi við auðlindirnar sem hún byggir á.

Ráðið leggur því til að núverandi framlag til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða verði lágmarksviðmiðun þannig að árlegt framlag úr ríkissjóði verði ekki lægra en 600 m.kr. Er þá ekki tekið tillit til þeirra fjármuna sem nú þegar renna til þjóðgarða og friðlýstra svæða. Til lengri tíma litið – eða þegar tekjur af gjaldtöku verða hærrí en þetta lágmarksframlag, verði miðað við krónu á móti krónu þannig að framlag ríkissjóðs tvöfaldi þá fjármuni sem innheimtast í gegnum sérstaka gjaldtöku.

2. Ráðið telur *Boston Consulting Group* (BCG) leiða sannfærandi rök fyrir upptöku almenns korts í bland við sértæka gjaldtöku fyrir þjónustu. Ferðamálaráð leggur því til að tafarlaust verði hafist handa við að undirbúa innleiðingu svokallaðs Umhverfiskorts (e. Environmental Card) og að byggt verði á úttekt og tillögum sem fram koma í skýrslu BCG.

Forgangsmál er að ráðist verði í könnun á greiðsluvilja Íslendinga og erlendra gesta svo taka meggi vel rökstudda ákvörðun um verðlagningu kortsins. Mikilvægt er að útfærsla og framkvæmd sé unnin í nánú samráði við helstu hagsmunaaðila, styðji við yfirlýst markmið í uppbyggingu ferðaþjónustu með mismunandi verðlagningu eftir árstíðum. Ráðið mælir einnig með að einkaaðilum sé gefið tækifæri á að bjóða í framkvæmd og rekstur kerfisins/kortsins.

3. Sveitarfélögin gegna afar mikilvægu hlutverki í ferðaþjónustu á Íslandi – ekki síst þegar kemur að uppbyggingu og viðhaldi ferðamannastaða. Fjöldmörg dæmi eru um að sveitarfélög beri mikinn kostnað og þjónustubunga af viðhaldi fjölsótttra ferðamannastaða án þess að tekjur af heimsóknum ferðamanna skili sér á svæðið með samsvarandi hætti, en beinar tekjur sveitarfélaga af greininni eru einvörðungu í formi fasteignaskatta á húsnæði og útsvars af launatekjum. Mörg sveitarfélög veigra sér

Því við að fara út í skipulagsvinnu eða framkvæmdir sem vafasamt er að muni svara kostnaði nema í besta falli á mjög löngum tíma. Núverandi fyrirkomulag á dreifingu tekna af ferðaþjónustu stendur því beinlínis í vegi fyrir markvissri og hraðri uppbyggingu um land allt.

Í skýrslu Boston Consulting Group kemur skýrt fram að sveitarfélögin verða að eiga aðild að Umhverfiskortinu og þeim tekjum sem það skapar. Ferðamálaráð leggur því mikla áherslu á að Samband íslenskra sveitarfélaga komi að útfærslu og innleiðingu gjaldtökunni samhliða því að tekjustofnar þeirra af ferðaþjónustu verði endurskoðaðir heildstætt t.a.m. með hlutdeild í þeim skatttekjum sem nú renna í ríkissjóð.